

## Rýnisferð: 19. til 27. febrúar 2022 (Birt með fyrirvara um breytingar )

### EXPO 2020 - Dubai - Abu Dhabi

RÝNISFERÐIR VFÍ fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga sem hófust 1998 á vegum Tæknifræðingafélags Íslands hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda. Nú er stefnt á 21. ferðina og að þessu sinni verður farið til Dubai þar sem megintilgangur ferðarinnar er að heimsækja EXPO 2020 heimsýninguna sem verður opin frá 1. október 2021 - til 31. mars 2022. Búist er við 20 milljón gestum á sýninguna. Opnun sýningarinnar var frestað sl. haust vegna Covid faraldursins. Auk EXPO munum við skoða nokkur af áhugaverðustu mannvirkjum heims sem hafa verið reist í Dubai og Abu Dhabi á síðustu árum. Eins og áður er ferðin opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt mökum. Gert er ráð fyrir allt að 150 manns í þessa ferð.

**Nánari upplýsingar um ferðina, verða sendar út í byrjun ágúst nk.**

#### Ferðatilhögun Kef-Köb-Dubai-Köb-Kef:

- Boðið verður upp á flug til Kaupmannahafnar laugardaginn 19. febrúar. Einnig geta þátttakendur farið á eigin vegum til og frá Kaupmannahöfn.
- Laugardaginn 19. febrúar, kl 15:35 verður flogið frá Kaupmannahöfn með Fly Emirates flugfélaginu til Dubai (Airbus 380) . Beint flug 6 klst.
- Sunnudaginn 27. febrúar, kl. 8:20 verður flogið frá Dubai með Fly Emirates (Airbus 380) til Kaupmannahafnar, lent 13:15.
- Boðið verður upp á flug til Keflavíkur frá Kaupmannahöfn, sunnudaginn 27. febrúar.

**Einnig verður boðið upp á þann möguleika á að framlengja dvölinna í Dubai til laugardagsins 5. mars.**

Gist verður á **Hilton Jumeirah Dubai** sem er afar vel staðsett 5 stjörnu hótél. Umhverfið býður upp á góðar gönguleiðir, útimarkaði og fjölda veitingastaða. Gist verðu í „De Luxe“ 38 m<sup>2</sup> herbergjum sem eru útbúin öllum helstu nútímaþægindum. Hótelinu fylgir einkaströnd með góðum sundlaugagarði með tveimur sundlaugum, veitingastöðum og margs konar annarri afþreyingu. Hótelið er staðsett við Dubai the Walk sem er ein vinsælasta göngugatan í Dubai. Tíu veitingastaðir og barir, nudd, SPA o.fl. er á hótelinu. Golfvöllur er innan við 3 km frá hótelinu.

Hótelið er staðsett 30 km frá flugvöllinum og 20 km frá EXPO sýningasvæðinu





## Heimasíða hótels: [Jumeirah Beach Hotels - Hilton Dubai Jumeirah](#)

Gera má ráð fyrir notalegu hitastigi, 25-28°C yfir daginn meðan á dvölinni stendur.



Veitingastaðir á hótelinu.



### Meðal annars verður skoðað:

- **EXPO 2020** – gert er ráð fyrir að nýta tvo daga á sýningunni – Hér um að ræða stærstu heimssýningu sem haldin hefur verið, með þátttöku um 180 þjóða sem flestar hverjar hafa reist eigin sýningaskála. Sýningarsvæðið nær yfir 4.4 km<sup>2</sup> svæði sem er álíka stórt að flatarmáli og Reykjavík vestan Snorrabrautar. Sýningin er haldin undir kjörorðunum „Tenging hugar, sköpun framtíðar, endunýjanleg orka og umhverfismál.
- Heimasíða sýningar: [www.expo2020.com](http://www.expo2020.com)



Yfirlitsmynd mynd af sýningarsvæðinu.





*Einn EXPO sýningar skálanna - vistvæn bygging.*

**Annað sem ráðgert er að skoða, (ekki tæmandi listi):**

- **The palm Jumeriah** eyjaklasinn. Eyjan hefur lögun pálmatrés og er uppfylling. Á henni stendur m.a. Atlantis hótelið.
- **Burj Al Arab Jumeriah:** Eitt flottasta hótél heims og er það eina sem er 7stjörnu, staðsett á strönd Dubai.
- **Hinn nýi miðbær Dubai:** Þar er m.a. stærsta verslunarmiðstöð heims, gosbrunnar sem „dansa“ í takt við tónlist o.fl.
- **Gamli miðbær Dubai.** Farið verður í elsta borgahlutann í Dubai þar sem Hindu musterið er staðsett og Dubai Greek, gull og kryddmarkaðurinn heimsóttur.
- **Abu Dhabi.** Dagsferð (10 klst.) þar sem ýmsir markverðir staðir verða skoðaðir. Það tekur um 90 mínútur að aka frá Dubai til Abu Dhabi.
- Gert er ráð fyrir frjálstri dagskrá tvo eða þrjá daga í ferðinni.



*Burj Khalifa turninn.*



### Áætlaður kostnaður (miðað við gengi 19,7 DKR):

Kostnaður við ferðina, fyrir utan flug til Kaupmannahafnar, er áætlaður rúmar 300 þúsund krónur á mann í tveggja manna herbergi og um 460 þúsund krónur á mann í eins manns herbergi. Innifalið er flug frá Kaupmannahöfn, hótulgisting með morgunmat, akstur til og frá flugvelli, aðgangsmiði á EXPO 2020, sameiginlegur kvöldverður, skoðunarferðir o.fl. Ef ferð er framlengd um 6 daga er viðbótarkostnaður um 105 þús krónur á mann í tveggja manna herbergi með morgunmat.

### Skráningar

Tekið verður við skráningum á skrifstofu VFÍ frá og með þriðjudeginum 24. ágúst kl. 9:00 á netfangið: [skrifstofa@verктаekni.is](mailto:skrifstofa@verктаekni.is)

Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær.

### Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við skráningu:

**Nafn– Kennitala–Netfang–Símanúmer–Lengd ferðar (8 nætur eða 14 nætur).**

**Skráningar sem berast fyrir þennan tíma verða ekki teknar gildar.**

Send verður út beiðni um greiðslu staðfestingargjalds innan sjö daga frá skráningu.

Staðfestingargjald er ekki endurgreitt nema takist að fylla í sæti hjá þeim sem kynnu að forfallast.

Gert er ráð fyrir að kynningarfundur fyrir þátttakendur verði í ágúst.

### Með kveðju frá ferðanefnd

Jóhannes Benediktsson

Eva Yngvadóttir

Hreinn Ólafsson



*EXPO sýningarsvæðið.*

